

Leiðari forstjóra

Umframjólk – Verðið hækkar

Frá og með 1.maí eru greiddar fyrir umframjólk kr. 45 fyrir sem svarar 2,0% af greiðslumarki hvers og eins og kr. 37 fyrir umframjólk þar umfram. Þetta verð gildir þar til annað verður ákveðið en gert er ráð fyrir að verðið verði endurskoðað reglulega innan ársins. Verð fyrir umframjólk er ákvarðað með hliðsjón af afurðaverði fyrir útluttar mjólkurafurðir undangengnar vikur. Þá skiptir mestu verðþróun á markaði fyrir smjör og undanrennuduft og einnig það hlutfall umframjólkur sem fer í skyrframleiðslu til útflutnings. Hérumbil 90% útluttrar mjólkur er í formi undanrennudufts og smjörs, en útflutningur á skyri hefur aukist á þessu ári vegna nýrra markaða í Finnlandi. Útflutningur til Bandaríkjanna er svipaður og í fyrra. Það styrkir einnig umframjólkurverð að smjörverð á heimsmarkaði hefur hækkað umtalsvert og er nú nálægt því sem hæst varð 2007. Verð á undanrennudufti hefur einnig hækkað en ekki eins mikið.

Aðalfundur Auðhumlu svf.

Aðalfundur Auðhumlu var haldinn var í Dalabúð í Búðardal í apríl. Í reikningum félagsins, sem samþykktir voru á fundinum, er í fyrsta sinn hagnaður af starfsemi frá stofnun félagsins í núverandi mynd.

Rekstur Auðhumlu og Mjólkursamsölnunar hefur undanfarin ár einkennt af tveimur megindrátum. Annars vegar hefur mjólkuriðnaðurinn ekki fengið heimild til að hækka verð á markaði í takt við



hækkanir á mjólkurverði til bænda og hækkanir á vinnslukostnaði. Því hefur mjólkuriðnaðurinn þurft að reiða sig á hinn þáttinn, mikla hagræðingarvinnu í kjölfar sameiningar fyrirtækja í greininni. Hagræðingarvinnan hefur skilað miklum árangri þar sem tekist hefur að lækka árlegan söfnunar, vinnslu- og dreifikostnað Mjólkursamsölnunar um 1,8 milljarða króna á fimm árum. Segja má að ábata þeirrar hagræðingar hafi verið skilað til bænda í mjólkurverði og til neytenda í vöruverði. Mjög mikilvægur árangur í starfsemi félagsins á þessu tímabili er að sala mjólkurafurða, hefur ekki gefið eftir í fjármálahruninu til jafns við aðrar matvörur. Þetta er að mati stjórnenda félagsins afleiðing öflugrar dreifingar og sölustarfs, frjórrar vöruþróunar og hóflegar verðlagningar í samanburði við aðrar matvörur.

Á fundinum í Búðardal var samþykkt ályktun þar sem því var beint til stjórnvalda að treysta greiðslumarkskerfið í sessi. Hún var svohljóðandi:

Aðalfundur Auðhumlu svf., haldinn í Búðardal 8.apríl 2011, beinir því til stjórnvalda að þau tryggji að farið verði að landslögum sem kveða á um skyldu afurðastöðva til að flytja út og selja á erlendum markaði mjólk sem framleidd er utan greiðslumarks. Fundurinn vekur athygli á að greiðslumarkskerfið er sett á fyrir tilstuðlan stjórnvalda og að bændur hafa axlað miklar skuldbindingar til þátttöku í því.

Fundurinn áréttar jafnframt ákvæði samþykktu Auðhumlu um réttindi og skyldur félagsmanna eins og þau eru sett fram í 4., 5. og 6. grein samþykktanna.

Áður en fundurinn hófst í Búðardal gafst fulltrúum færi á að heim-



sækja og skoða vinnslustöð Mjólkursamsölunnar þar. Þar hefur á síðustu árum verið byggð upp afar fullkomin aðstaða til myglu-ostaframleiðslu.

Flutningamáli

Hluti af þeirri rekstrarhagræðingu sem sótt hefur verið í starfsemi Mjólkursamsölunnar er endurskipulagning á söfnunar-, flutninga- og dreifikerfum félagsins. Þessi kerfi voru arfur frá forverum félagsins og um of bundin hvert sinni vinnslustöð. Segja má að eftir hafi legið, að steypa þeim saman í eitt heildstætt kerfi með áherlsu á hámarksnýtingu allra flutningatækja. Að því er nú unnið og lokið er fyrstu umferð vinnunnar á Austurlandi, Suðurlandi, Vesturlandi og Vestfirðum. Nú er verið að loka hringnum með því að fara yfir og stokka upp flutningakerfin á Norðurlandi. Þá er að mestu lokið endurskipulagningu á millibúaflutningum. Sú vinna er að skila félaginu umtalsverðum ábata. Horfur eru á að hægt verði að fækka um meira en 6 stóra söfnunar- og flutningabíla í flutningakerfum MS með þessum breytingum. Að auki kemur ýmis annar ábati vegna millibúaflutninga og annarra breytinga. Í heild er var-

legt að áætla að með þessu verði hægt að lækka flutningakostnað um 200 milljónir króna að öðru óbreyttu. Í mjólkursöfnunarhluta þessa flutningakerfis benda fyrstu grófu áætlanirnar til þess að hægt verði að lækka söfnunarreikning bænda um allt að 20%. Hafa þarf í huga að á móti þessari hagræðingu kemur ýmiskonar nýr kostnaður, t.d. vegna eldsneytisverðhækkana og annarra kostnaðarliða. Það er því mjög brýnt að sækja þá hagræðingu sem kostur er að ná í flutningakerfunum.

Auðhumluvefur

Undanfarið hafa verið gerðar breytingar á vef Auðhumlu, audhumla.is, einkum hinum lokaða hluta hans sem geymir upplýsingar fyrir einstaka innleggjendur. Á næstunni má búast við frekari breytingum á hinum opna hluta vefsíðunnar. Bændur eru hvattir til að kynna sér vefinn og nýta þær upplýsingar sem hann geymir um innlegg hvers og innihaldsmælingar mjólkurinnar.

Einar Sigurðsson forstjóri



Bændavefurinn

Bændavefur Auðhumlu er góð upplýsingaveita fyrir bændur þar sem hægt er að nálgast flest það er varðar mjólkurinnleggið og gæðaupplýsingar.

Bændur sem ekki hafa enn fengið sér aðgang, er velkomið að hafa samband við Garðar Eiríksson hjá Auðhumlu S. 480-1606 eða nefngið gardare@audhumla.is sem veitir alla frekari aðstoð og upplýsingar um bændavefinn. Einnig er hægt að fara inn á vefinn audhumla.is smella á hnappinn bændavefur og velja tengilinn sækja um aðgang.